

**Mál nr 393,
þskj 521 – Stjórnarfrumvarp**

Sendandi: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir
Dags. 21. janúar 2019

Umsögn um frumvarp um þungunarrof

Undirrituð sér sig tilknúða að senda inn umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof. Athugasemdirnar lúta að **4. gr. frumvarpsins** og hugtakanotkun sem henni tengist.

Ég leggst af **alflug gegn þeim áformum að færa út tímamörk þungunarrofs til loka 22. viku meðgöngu**. Tel ég að það stangist á við mannréttindaákvæði ýmis og inngróin sjónarmið sem lúta að mannhelgi og réttinum til lífs.

Benda má á að ef barn sem tekið er úr móðurkviði svo seint dregur lífsandann (sem ekki er ólíklegt eftir svo langa meðgöngu) ber heilbrigðisstarfsfólki skylda til þess að verja líf þess og gera allt sem í þess valdi stendur til þess að halda því á lífi. Sama starfsfólk og rauf meðgönguna er þar með sett í óviðráðanlega, siðferðilega og tilfinningalega togstreitu sem ekki er leggjandi á nokkra manneskju.

Sjálfsákvörðunarrétturinn og hugtakanotkun

Lögin um fóstureyðingar nr 25/1975 voru mikið framfaraskref fyrir kvenréttindi á Íslandi en eru barn síns tíma. Til dæmis gera þau ráð fyrir því að konur eigi það undir ákvörðun annarra hvort þungun er rofin, því þær þurfa að sækja um að fá fóstureyðingu og hafa til þess ástæður sem aðrir samþykkja.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir því að kona hafi sjálfsákvörðunarrétt til þess að binda endi á meðgöngu. Sá réttur er löngu tímabær að óbreyttu núgildandi viðmiði til þungunarrofs. Mikilvægt er að virða rétt einstaklings til sjálfsforræðis yfir líkama sínum sem og til að taka ákvörðun um barneign.

Ef frumvarpið hefði miðað við óbreytt tímamörk (16 vikur) má segja að hugtakið „þungunarrof“ sem innleitt er í frumvarpinu hefði verið við hæfi, hugtakanotkun þar með skilmerkileg og í samræmi við það sem raunverulega um ræðir. Svo er ekki í núverandi mynd frumvarpsins. Með því að færa tímamörkin sem heimila fóstureyðingu frá því sem nú er til loka 22. viku hefur hugtakinu „þungunarrof“ verið breytt í hálfgerð andheiti, því það er látið ná til þess sem með réttu ætti að heita „fóstureyðing“, þ.e. þegar endi er bundinn á meðgöngu þegar sannarlega er um að ræða mannsfóstur með virka líffærastarfsemi en ekki frumstig fósturs.

Siðferðilegt þanþol

Sjálfsákvörðunarréttur fólks verður að vera innan einhverra marka sem telja má siðferðilega verjandi. Hugmyndir um að færa viðmiðið til loka 22. viku, með einhliða ákvörðun þungaðrar konu án sérstakra heilsufarslegra og/eða læknisfræðilegra ástæðna, þegar fóstur er sannarlega orðið barn og getur jafnvel lifað utan líkamans er ekki siðferðilega verjandi. Eðlilegra hefði

verið að standa fast við nógildandi tímaramma frekar en að rýmka hann samhliða því að taka upp fortakslausan sjálfsákvörðunarrétt.

Upplýsingar um þroska fósturs eru allstaðar aðgengilegar, og ástæðulaust annað en að líta til þeirra í þessu samhengi. Á opinberum fræðsluvef sem er upplýsingaveita til nýorðinna og verðandi foreldra www.ung.is, má lesa þetta um þroska fósturs og meðgöngu:

13. – 16. vika: Barnið er farið að sjúga, kyngja og gera öndunaræfingar. Æðar og bein er mynduð. Bragðlaukar byrja að myndast og eyrun eru fullsköpuð. Lungu farin að þroskast þar sem barnið „andar“ að sér legvatninu. Barnið er komið með neglur, eitthvað hár og andlitsdrættir farnir að skýrast. Nú eru vöðvar farnir að svara heilanum. Barnið getur hreyft fingur og tær þar sem táneglur eru að myndast.

<http://www.ung.is/?gluggi=medganga&innrigluggi=fosturthroski&vika=13>



Stærð fósturs í 13. – 16. viku https://is.wikibooks.org/wiki/Me%C3%B0ganga#13._til_16._vika

Í 16. viku hefur barnið lært að sjúga. Bragðskyn er farið að þroskast. Barnið byrjar að bregðast við sjónrænu áreiti og notar hendur sínar til að verja augun fyrir sterku ljósi fyrir utan móðurkvið. Í lok 16. viku er barnið um 13 – 17 cm að lengd og 160 – 180 grömm að þyngd.

20. vika: Vöðvar barnsins styrkjast með hverjum deginum. Fætur eru í réttum hlutföllum við líkamann frá og með þessum tíma. Hreyfingar barnsins verða nú enn flóknari. Barnið vex hratt og er nú um helmingur af þeirri stærð sem það verður í við fæðingu en aðeins um 12% af þeirri þyngd sem þá verður. Nú er barnið um 22,5 cm langt og 380 grömm.

21. – 24. vika: Lungnápípur þroskast og vísir að heilabylgjum koma fram sem sýna einkenni svefns og vöku. Barnið heyrir hljóð að utan en augu þess eru ennþá lokuð. Augabrúnir eru komnar á höfuðið. Barnið hreyfir sig mikið og getur farið í kollhnís. Skilningarvit barnsins vakna til lífsins. Ef barnið fæðist á þessu stigi, hefur það lífsmöguleika, litla þó. Í 22. viku bregst barnið við áreiti úr umhverfinu, t.d. rödd fólks og strokum á maga. Húð barnsins fer að þykkjast talsvert. Augnabrúnir og augnhár hafa einnig byrjað að vaxa. Í lok 24. viku er barnið 26 cm að lengd og tæpt 1 kíló að þyngd.



Stærð barns í 24. viku https://is.wikibooks.org/wiki/Me%C3%B0ganga#21._til_24._vika

Með öðrum orðum: Ekki er með neinu móti hægt að halda því fram að „þungunarrof“ sé réttnefni yfir það sem gerist ef meðganga er rofin í 22. viku. Í ljósi þess sem vitað er um þroska mannsfósturs í móðurkviði er ekki siðferðilega verjandi að rjúfa meðgöngu svo seint sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekki er heldur forsvaranlegt af siðferðilegum ástæðum og með tilliti til tilfinninga og hugsanlegrar lífsafstöðu heilbrigðisstarfsfólks að skylda það til þess að framkvæma slíka aðgerð.

Í hnotskurn: Undirrituð leggst alfarið gegn 4 gr. frumvarpsins sem felur í sér útvíkkun tímamarka til fóstureyðinga til loka 22. viku.

Eðlilegt hefði verið að halda fast í óbreytt tímaviðmið samhliða því að taka upp fortakslausan sjálfsákvörðunarrétt kvenna til að binda endi á þungun. Yrði það gert má segja að hugtakið „þungunarrof“ geti átt rétt á sér og verið til áréttingar því sjónarmiði sem liggur til grundvallar sjálfsákvörðunarréttinum.

Að óbreyttu reynir þetta frumvarp mjög á siðferðilegt þanþol þeirra sem að málum þessum koma ekki aðeins heilbrigðisstarfsfólks heldur allra sem láta sig málið varða. Fari frumvarpið óbreytt í gegn er hætt við því að sú sátt sem hefur verið um fóstureyðingar á Íslandi sé rofin. Það yrði óbætanlegur skaði fyrir íslensk kvenréttindi og mannréttindi í víðara samhengi.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir.